

8. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Grundarfirði nr. 260 22. júní 1977.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um styrki Snorra Sturlusonar.

1. Styrkir Snorra Sturlusonar (The Snorri Sturluson Icelandic Fellowships) skulu árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnst sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkþegum skal gefinn kostur á að nema íslenska tungu eða stunda rannsóknir í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands sé þess óskað.
2. Styrkirnir skulu veittir í 3 mánuði hið minnsta og miðast að öllu jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá landinu og dvalarkostnaði innanlands. Ráðstöfunarfé til styrkjanna er ákveðið í fjárlögum.
3. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd til þriggja ára í senn. Rithöfundasamband Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Stofnun Sigurðar Nordals annan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands hinn þriðja en menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.
4. Stofnun Sigurðar Nordals auglýsir styrkina, tekur á móti umsóknum og greiðir götu styrkþega meðan á Íslandsdvöl þeirra stendur.
5. Auglýst skal eftir umsóknum um styrkina einu sinni á ári og skal styrktímabilið miðast við almanaksár. Með umsóknum fylgi rækileg greinargerð um námsferil og störf. Af tveimur jafnhæfum umsækjendum skal að jafnaði sá hljóta styrk sem er frá hinum fjarlægari löndum – frá Austur- og Suður-Evrópu, Asíu, Afríku, Rómönsku Ameríku eða Eyjaálfu.
6. Í lok Íslandsvalar sinnar skulu styrkþegar skila Stofnun Sigurðar Nordals greinargerð um hvernig styrknum var varið.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.